



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



2024 – 2025



Lýðræði, sköpun, vellíðan og vinátta

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
5	Innra mat yngri deilda	7
5.1	Víðihlíð	7
5.2	Furuhlíð	7
5.2.1	Lýðræði	7
5.2.2	Læsi og málþroski	7
6	Umbótaáætlun yngri deilda.....	8
7	Innra mat eldri deilda	9
7.1	Lerkihlíð.....	9
7.1.1	Lýðræði	9
7.1.2	Málörvun	9
7.1.3	Söngstundir og samvera	9
7.1.4	Útinám	9
7.2	Birkihlíð	9
7.3	Reynihlíð	9
7.3.1	Samveran.....	10
7.3.2	Vinátta og barnasáttmálinn.....	10
7.3.3	Málþroski og gefðu 10.....	10
7.3.4	Hópastarf.....	10
8	Umbótaáætlun eldri deilda	11
9	Innra mat sérkennslu.....	12
9.1	Skipulagning sérkennslu 2023-2024.....	12
9.2	Hvaða matsgögn voru notuð?.....	12
9.3	Hvaða námsefni var notað?	12
10	-Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	13
11	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	14
12	Umbótaáætlun listastarfs.....	14
13	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
14	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
15	Foreldrasamvinna.....	15
16	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15



1 Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra

Síðasti skólaár einkenndist af mikilli starfsmanna velltu sem tók mikla orku frá bæði faglegu og rekstrarlegu starfi leikskólans. Sú þekking og stefna sem hefur verið tekin frá opnun leikskólans helst því ekki vel innan skólans. Upphaflegar hugmyndir varðandi aðbúnað og námsefni eru varla til staðar í leikskólanum og ekki er þekking um hvernig þær hugmyndir skila sér inni í deildarstarfið. Dæmi um þetta er notkun kubba efnis og leikefnis sem keypt var inn til þess að nota í flæði og tel ég að þessi staða sé bein afleiðing af tíðum mannskiptum. Þetta kemur sérstaklega mikið niður á starfinu þegar að faghlutfallið í skólanum er lágt því þá helst þekkingin en síður inna húss.

Það bætir ekki úr skák að ýmislegt er athugasemdir við aðstöðu og frágang húsnæðisins. Ýmsar athugasemdir komu fram eftir eftirlit heilbrigðiseftirlitsins og bendir ýmislegt til að hönnun leikskólans hafi ekki verið samkvæmt stöðlum. Ýmislegt hefur þurft að laga eftir á eins og dren á útilóð og frárennismál og eldhús aðstaðan var ekki samkvæmt stöðlum. Einnig komu fram nokkrar athugasemdir varðandi frágang starfsfólks sem að rekja má til að ekki var gert ráð fyrir geymsluplássi í leikskólanum og setja þarf upp geymsluskápa í sameiginlegu rými sem að rýra mun leikplássið í leikskólanum.

Stærð deilda og hönnun þeirra er ekki í samræmi við þá umræðu sem á sér stað varðandi fjölda barna í leikskólum og býður upp á óæskilegan starfsmanna fjölda inn á hverri deild sem að gerir starfið erfiðara þar sem erfitt er að skipta hópnum upp. Til dæmis eru klósettin ekki til þess fallin að auðvelt sé að fara með hóp þar inn sem gerir það að verkum að fáir starfsmenn eru með of mikið af börnum frami á meðan bleyju skipti fara fram.

Það sem einnig hefur komið í ljós er að staðlar eftirlitsaðila stangast á eins varðandi hvernig gengið var frá flótaleyðum í leikskólanum sem að eiga að vera aðgengilegar fyrir börn en aftur á móti þá eiga þau greiða leið út úr leikskólanum hvenær sem er og setur ábyrgðar aðila, það er leikskólastjóra, í slæma stöðu og aftur eykur álagið á starfsfólk.

Þessir þættir hefði, að mínu mat, verið hægt að koma í veg fyrir með því að greina starf leikskólastarfsfólks betur. Það er þó greinilegt að starfsfólk leikskólans hefur gert sitt allra besta við þessar ástæður og á mikið hróss skilið.

Ævintýraborgin við Nauthólsveg hefur upp á stórkostlega möguleka á bjóða. Bæði er staðsetningin frábær og svo státar hann af yndislegu starfsfólki sem sýnir áhuga á faglegu og skemmtilegu starfi. Einnig er húsnæðið nýtt og margt við hönnun þess sem að býður upp á gott starf þrátt fyrir áðurnefnda annmarka.

Leikskólinn er kjörin vettvangur fyrir svokallaða skógar kennslu og er í frábærri aðstöðu til þess að nýtta útinám og náttúrukennslu í mörgum námsþáttum leikskólans. Eins og sést í þessari áætlun er það einmitt vilji deildastjóra að færa sig í átt að slíkri kennslu.

Nálægð við fjöru og flugvöll ættu að gefa ímyndunar aflinu lausan tauminn og vera uppspretta margra verkefna sem hægt er að nýta í sköpun, læsis kennslu og

Þátt fyrir nokkuð erfið byrjunar ár þá er framtíðin björt hér við Nauthólsveginn. En ég tel að það sé mikil þörf fyrir að staldrað sé við í leikskólakerfinu öllu og farið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á ábyrgð og verkefnum leikskóla starfsfólks og þá sérstaklega stjórnendur. Eins og andrúmsloftið í samfélaginu sýnir þá er mikil þörf fyrir að litið sé til þeirra sérfaðiþekkingar sem er innan leikskólakennara samfélagsins og séð til þess að sú þekking sé virk. Leikskólakennarar verða að fá tíma, rými og efnivið til þess að sinna menntun og þroska barna og er það hlutverk rekstraraðila að sjá til þess.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Farið var af stað með vinnu við hugmyndafræði leikskólans ekki vannst tími eða rúm í starfinu til þess að skipuleggja vinnu stundir til þess að fara ígrundað í þá vinnu. Ýmsar skemmtilegar hugmyndir eru á lofti og þess vegna er verður það spennandi þegar að þetta fer af stað.

Ævintýraborgin tók þátt í vinnu með barnasáttmálann en því miður var tekin sú ákvörðun að halda ekki áfram í því starfi. Leikskólinn mun þó starfs áfram í þeim anda sem að skapaðist við þessa vinnu og leggur til dæmis áherslu á að kanna hvernig efla má lýðræðisvitund barna á leikskóla aldri. Tekist hefur vel að styðja börnin í sjálfshjálpi við matar borðið en endurskoða þarf þennan þátt hjá yngri börnunum og fara yfir tilgang og áhrif á aðra þætti sem að snúa að lærdómi og menningu við matarborð.

Ekki var send út foreldra eða starfsmanna könnun á síðasta leikskóla ári en unnið er að því að bæta þann þátt og annað innra mat skólans.

Margar hugmyndir eru uppi um starfsmanna menningu enda mikil þekking á því sviði innan húss.

Starfsfólk hefur unnið að því að skapa menningu innan skólans og hafa dagar eins og ljósadagurinn, íþróttadagurinn og sjóræningja dagurinn verið haldnir hátíðlegir. Tekið var þátt í barnamenningar hátíð og var yfirskriftin lýðræði. Verkefnið tókst mjög vel og þar sem hver deild vann með mismunandi áherslur sem endaði á samsýningu í Borgarbókasafninu í Grófinni.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnendateymi -hlutverk og ábyrgð	Að stjórnendateymi skólans finni grunn að samstarfi	Fara yfir lög, reglur og starfslýsingar -Fina út hvað hentar skólanum og stjórnendum.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Okt 24	Feb 25	Far yfir gögn og bera saman bækur fundir nýttir í samráð. Í lok febrúar 25	Lög og reglugerðir. Reynsla og áhugi stjórnenda
Uppeldis- og menntastarf							
Útinám	Gera útikennslu virka	Kynna leiðri útináms -setja upp raunhæfan tíma fyrir ú.n. í dagskipulaginu	Stjórnendateymi leikskólans	Nóv 24	Júní 25	Metið samhliða verkferlinu á fundum	Ýmis fróðleikur og t.d frá Miðstöð útináms og útivistar
Stefna og undirbúningur námskrár	Setja niður stefnu sem verður grunnur að námskrá l.s.	Finna hvar þekking, áhugi og þörf er varðandi nýja stefnu hefja undirbúning námskrár	Leikskólastjóri og stjórnendateymi leikskólans með þátttöku annars starfsfólks.	Jan 24	Mai 25	Í maí á deildastjóra og stjórnendateymisfundum	Viðmið og reglur menntamálayfirvalda.



Sjálfspróttin leikur	Kynna leiðir s.l.	Fara yfir leikefni, rými og tímamann í dagskipulagi. Kanna þekkingu innan hús á leiknum	Aðstoðarleikskólastjóri	Jan 24	Apríl 25	Kynningar og leiðsögn á fundum. Athuganir inni á deildum. Ath hvort hægt sé að nýta námskeið	Leiðbeiningar frá menntamála yfirvöldum og þekking innan hús
Mannauður/Leikskólabragur							
Menning og Hefðir	Bæta starfsmannabar og gera grunn að hefðum	Auka samskipti innan leikskólans bæði innan og utan vinnutíma. Sofna skemmtnefnd og starfsmannasjóð	Stjórnadey mi með þáttökum annars starfsfólks.	Nóv 24	Maí 25	Á fundum í lok leikskólaárs	Vilji starfsfólks.
Innra mat							
Skráning	Bæta skráningu og gera hana virka	Hvetja starfsfólk til skrá -Kynna leiðir og aðferðir til skráninga	Stjórnadey mi leikskólans	Jan 24	Maí 25	Inni á deildum í daglegu starfi - á fundum í lok leikskólaársins	Viðmið frá menntamála yfirvöldum



5 Innra mat yngri deilda

5.1 Víðihlið

Deildastjóri hætti án þess að skilja eftir mat.

5.2 Furuhlíð

Á Furuhlíð eru nítján börn fædd 2021 og 2022.

Miklar breytingar voru um áramótin þar sem þrjár yngri deildir voru sameinaðar í tvær. Þannig gátum við breytt einni deildinni í matsal og listasmiðju fyrir yngri börnin. Áður borðuðu þau í matsal í miðju húsinu (opnu rými) sem var sameiginlegur fyrir allar deildir. Í nýjum matsal myndaðist meiri ró í matartímum og meiri vinnufriður við listsköpun. Með þessum breytingum þurftum við að fjölga börnum á deildum. Árekstrar urðu tíðir og oft erfitt að halda ró inni á deild þegar öll börnin voru þar inni. Reynt var að nýta öll þau rými sem okkur stóðu til boða og skipta þannig börnunum í litla hópa.

5.2.1 Lýðræði

Við vorum að vinna með lýðræði og sjálfshjálpi barna. Þau fengu að velja hvar þau lágu í hvíldinni og skömmtuðu sér sjálf í matartímum og gengu frá eftir sig. Það gekk vel og má sjá hvað þau eru orðin örugg þegar þau fara inn í hvíld og vita hvað þau vilja á matartímanum. Þau eru einnig farin að hjálpa sér mikið sjálf í fataherberginu.

5.2.2 Læsi og málþroski

Við skiptum börnunum í fjóra hópa og hver hópur fór í Lubbastund einu sinni í viku. Það gekk vel og börnin og starfsfólkið sýndu mikinn áhuga. Ekki gekk nógu vel að vera með markvissa málörvun í litlum hópum. Við nýttum þó hvert tækifæri til að efla málþroska barnanna, t.d. matartíma, fataherbergi, bleiuskipti og útiveru. Vorum með daglegar samverustundir þar sem öll börnin voru saman, lásam bækur og sungum mikið. Börnunum hefur farið mikið fram í orðaforða og farin að tjá sig mun meira en þau gerðu í fyrstu.

Við vorum ekki nógu dugleg að vinna markvisst með Gefðu 10. Við vorum dugleg að ræða við börnin en það var ekki skráð. Eitthvað sem við viljum þó vinna með á komandi skólaári.



6 Umbótaáætlun yngri deilda

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Vinna með hljóðamyndun	Unnið með Lubba Hafa bókstafina uppi á vegg í hæð barnanna Gott aðgengi að bókum Daglegur bókalestur og söngur	Deildarstjórn ar bera ábyrgð Allir starfsmenn taka þátt	Sept. 2024	Mai 2025	Metið á deildarfundum TRAS	Að börnin sýni framfarir
Félagsleg samskipti	Efla börnin í samskiptum og leik	Gefa frjálsa leiknum gott rými í dagskipulagi Starfsfólk tekur þátt í leiknum á forsendum barnanna Bjóða upp á umhverfi og efnivið sem ýtir undir frjálsan leik	Deildarstjórn ar bera ábyrgð. Allir starfsmenn taka þátt	Sept. 2024	Mai 2025	Metið á deildarfundum Skráningar með myndum og myndböndum	Að barninu líði vel og eigi góð samskipti við aðra
Útinám	Kynnast nánasta umhverfi leikskólans	Ferðir einu sinni í viku Nýta lundinn okkar og fleira í nágrenninu	Deildarstjórn ar bera ábyrgð. Allir starfsmenn taka þátt	Okt 2024	Mai 2025	Metið á deildarfundum Skráningar með myndum og myndböndum	Að börnin verði örugg í nýju umhverfi og kynnist því hvað okkar nánasta umhverfi hefur upp á að bjóða



7 Innra mat eldri deilda

7.1 Lerkihlíð

Á Lerkihlíð voru 16 börn veturinn 2023 -2024. Börn fædd 2018- 2019. Það voru því tveir árgangar.

7.1.1 Lýðræði

Unnið var með lýðræði á ýmsan hátt og það skoðað frá mörgum sjónarhornum.

- Haldið var áfram að skoða og vinna með matartíma. Á deildinni skoðuðum við líka útiveru og hvernig mætti gefa meira val. Við reyndum að bjóða upp á val um útiveru, ef hægt var og þá líka að vera ef krakkar vildu.
- Settum upp kosningar
- Kusum um nöfn á hópa, verkefni sem unnið var með fyrir barnamenningarhátíð og ferðir.
- Fyrir Barnamenningu var reynt að vinna með hugmyndir barnanna að verkefnum og efla samvinnu þeirra í verkefnagerð.
- Skoðuðum aðgengi barna að leikefni – var nokkuð gott

7.1.2 Málörvun

- Komum upp sjónrænu dagskipulagi skipulagi, myndrænt fataval og veðurathugun
- Lestrarhundur – settum upp bókakápur af þeim bókum sem voru lesnar – sjónrænt
- Lubbi – farið yfir öll máhljóð. Saga og söngvar. Viljum finna markvissari og fjölbreyttari leiðir til að vinna með Lubba

7.1.3 Söngstundir og samvera

- Gefðu tíu – fræðsla en gekk illa að koma á ... unnum með lista MML
- Tókum þátt í Regnbogum Meistarans á Barnamenningarhátíð – mikill málörvun í því

7.1.4 Útinám

- Dugleg að fara í Öskjuhlíð og nýta „Lundinn okkar“ áhersla á frjálsan leik – æfir samvinnu, útsjónarsemi, kjark og fl.
- Þarf að vera fastara í dagskipulagi og meiri fræðsla til starfsmanna um útinám – möguleika þess og minnka stýringu

7.2 Birkihlíð

Deildastjóri hætti án þess að skilja eftir mat.

7.3 Reynihlíð

Nýr deildarstjóri tók við deildinni í Janúar 2024. Það eru 16 börn á Reynihlíð, 5 börn fædd 2020 og 11 börn fædd 2019. Það eru 6 börn á deildinni sem eru með tvö tungumál eða fleiri. Það eru 9 strákar og 7 stelpur á Reynihlíð.

Starfsmenn sem eru á deildinni náum vel saman og samskiptin eru mjög góð okkar á milli. Tölum saman til að skipta álaginu og hópnum á nokkra staði.

Við höfum lagt mikla áherslu að taka inn Lubba í daglegt starf og það hefur gengið ótrúlega vel. Einnig höfum við haft hópastarfið meira sjónrænt fyrir börnin þar sem þau velja hvað þau gera eftir samveru sem hefur gengið framúrskarandi. Þegar deildarstjóri tók við í vetur þá völdu starfsmenn deildarinnar vináttu í tengslum við Barnasáttmálann sem hefur verið ágætlega leitt inn í dagskipulagið, en mætti koma því enn betur inn.



7.3.1 Samveran.

Það sem gengur vel í samveru er að skiptast á að draga lögin til að syngja. Þeim finnst mjög gaman í samveru og söngstund. Áhugasöm og flink að læra ný lög. Það sem mætti bæta er að lagfæra miðana með nöfnunum þeirra. Bæta við fleiri lögum og flóknari þar sem þau eru svo dugleg að læra ný lög. Svo ætlum við að taka ávextina inn í samveruna í lok hennar. Við höfum haft þá seinustu mánuði á miðju borðinu fyrir þau sem vilja.

7.3.2 Vinátta og barnasáttmálinn.

Við ákváðum nýlega að hafa vináttuna sem okkar markmið að innleiða það inn á deildina. Það sem gengur vel er að þau sem hópur ná öll mjög vel saman og eru mjög góðir vinir öllsömul. Oftast nær tala þau mjög vel til hvort annars og ef það koma upp atvik sem ekki falleg orð eru notuð þá höfum við strax talað við þau börn og útskýrt fyrir þeim að tala fallega.

7.3.3 Málþroski og gefðu 10.

Við erum allar mjög duglegar að tala við börnin daglega, hins vegar eftir að við skoðuðum betur á starfsdegi fyrir nokkrum vikum hvaða börn er talað mest við þá kom í ljós að sum börn var talað við minna heldur en hin og eftir það þá höfum við bætt okkur í því að tala við þau meira, sérstaklega þau sem eru enn að læra íslensku. Einn starfsmaður á deildinni tók að sér að hafa málörvunarstundir fyrir 4 börn sem þurfa aukastuðning í málörvun. Það hefur ekki gefst eins mikill tími fyrir það eins og æskilegt væri, sem væri gott að geta bætt okkur í.

Eftir að deildarstjóri tók við í Janúar þá hefur Lubbastund orðið hluti af daglegu starfi hjá okkur. Þetta er mjög góður stund fyrir börnin að tjá sig og hugsa hvaða orð byrja á hverjum staf. Þau eru ótrúlega virk í henni og áhugasöm og elska að fá knús frá stóra Lubba í lokin.

Við ætlum að breyta nafnspjöldunum þeirra í samveru. Þau fá mynd fyrir framan nöfnin þeirra sem þau velja, sem byrja á sama staf. Okkur langar að fá fleiri myndir í tengslum við hvern og einn staf

7.3.4 Hópastarf.

Hópastarfið hefur tekið miklum framförum eftir að við fórum að nota bláu töfluna inni á deild sem er með myndir af börnunum og því sem er í boði að gera. Þá færa börnin myndina af sér í það hópastarf sem er í boði að hverju sinni. Það hefur gefið starfsfólki meira skipulag og yfirsýn yfir deildina sem hefur hjálpað mikið með að minnka lætin sem myndast í stórum hóp af krökkum. Lýðræðið hefur þá verið daglega hjá okkur þar sem þau velja hvað þau vilja gera.



8 Umbótaáætlun eldri deilda

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Efla málörvun í deildarstarfi og auka skráningu.	Auka sjónrænt skipulag. Markviss málörvun í starfi og samskiptum Lubbi – Gefðu 10 samverur, söngstundir og hópastarf	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn. Kynning á málörvun. Sjónrænt skipulag. Nota Gefðu 10 Markvissari Lubbi	Sept 24	Maí 25	Sjónrænt skipulag. Fræðsla um málörvun. Skráning Staðan metin í lok tímabils	Skráningar Myndir af starfi Hringur MML
Lýðræði	Þjóða upp á meira val. Auka ákvörðunartöku barna	Val barna á verkefnum.	Útvera – meira val	Sept 24	Maí 25		Skráning
Útinám	Nýta það svæði sem er í næst nágrenni s.s Öskjuhlíð og Nauthólsvík	Kynning og fræðsla á útinámi. Gefa tíma og rými í skipulagi.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Sept 24	Maí 25	Fara að minnsta kosti 1x viku í Öskjuhlíð Festa í sessi í dagskipulagi. Njóta þess smá....	Skráning myndir
Einingakubbar	Nýta kubba í starfi	Fræða starfsmenn um efniviðinn og nota	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Sept 24	Maí 25	Fræðsla. Leggja inn hugtök og kenna umgengni við kubba Bæta í efnivið.	Ýtarefni Fræðsla Myndir og skráning



9 Innra mat sérkennslu

9.1 Skipulagning sérkennslu 2023-2024

Sérkennslan fór að mestu leyti fram inni á deildum. Gerð er áætlun fyrir barnið og lögð áhersla á að allir starfsmenn deildarinnar sinni barninu og þörfum þess. Einn starfsmaður er þó með mestu ábyrgðina og sinnir þá t.d. málörvun og félagsfærniþjálfun í litlum hópum. Skráning er oftast í formi dagnóta þar sem skráð er niður hvað er gert og hvernig gekk. Fyrir það barn sem er í atferlisíhlutun er ítarlegri skráning..

Eins er notuð AHA skráning til að fá yfirlit yfir hvaða aðstæður leiða til hegðunar. Sérkennslustjóri hóf störf í skólanum í nóvember 2023 og litlar skráningar voru til frá fyrri sérkennslustjóri

Sérkennslustjóri setti möppu á hverja deild sem er aðgengileg öllu starfsfólki með hugmyndum um leiðir til að vinna með börnunum.

Aðrar upplýsingar eru í læstum skjalaskáp á skrifstofu sérkennslustjóra.

9.2 Hvaða matsgögn voru notuð?

EFI, Hljóm-2, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil, AEPS. Sérkennslustjóri tók EFI-2 á 3-4 ára börnum. Deildarstjórar sem hafa lokið Tras námskeiði tóku Tras. Sérkennslustjóri aðstoðaði á öðrum deildum. Deildarstjóri á elstu deildinni tekur Hljóm 2

9.3 Hvaða námsefni var notað?

Þar sem skólinn hefur aðeins verið starfandi í 1. Ár þá eru bæði bækur og spil af skornum skammti. Það þarf að bæta eins þarf að bæta við forritum og Ipad.

Í leikskólanum voru 2 börn með 8 tíma stuðning og 2 börn með 4 tíma stuðning



10 - Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf sérkennslu stjóra og deilda	Að upplýsingar og leiðsögn um börn sem þurfa stuðning berist örugglega til allra starfsmanna á deildum og að þeir hafi tækifæri til að spyrja og velta málum fyrir sér.	Mjög mikilvægt er að deildarfundir verði haldnir reglulega. Þá gæti sérkennslustjóri komið reglulega á fundi með nýjar upplýsingar og ráðgjöf og fengið upplýsingar um hvernig gengur hjá barninu.	Þetta verkefni er samábyrgð allra; leikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra. gera betur næsta vetur.	Okt. 24	Jan. 5	Metið á deildarstjóra fundi	Að hver deild nái amk. 1 deildarfundum í mánuði.
Málörvun á deildum	Að útbúa hugmyndabanka með málörvunarstundum fyrir allar deildir.	Að búa til hugmyndabanka með málörvunarstundum fyrir allar deildir. Þar kæmi fram hvað á að gera og hvaða námsgögn hægt er að nota. Einnig væru skráningarblöð fyrir hvert barn til að meta árangur.	Sérkennslustjóri, verkefnastjóri og deildarstjórar.	Okt. 24	Apr. 5	Á deildarstjóra og deildarfundum.	Að hugmyndabankinn sé tilbúinn og að deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnastjóri verði sáttir.



11 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keyptar voru bækur og spil sem auka skilning á tungumálinu
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með Gefðu 10 og sjónrænt skipulag inni á deildum einnig er lög rík áhersla á að leggja orð á gjörðir.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Lögð er áhersla á að lesið séu bækur og sungnir söngvar til þess að dýpka málið
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Stefnt er því að nota hæfniramma til mats.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Unnið er með byrjenda læsi og stefnt er að því að ígrunda læsisstefnu leikskóla og þróa okkar eigsins. Einnig má benda á að við höfum nýtt okkur þjónustu Miðju máls og læsis í okkar vinnu.

12 Umbótaáætlun listastarfs

Stefnt er að því að söngstarf og menning í Ævintýra borginni verði eft til muna. Það er mikil hefð fyrir samsöng í samfélaginu og mikilvægt að börn fái tækifæri á að þroska tón og takt hæfni sína og söngródd. Einnig eru söngstundir mikilvægt tæki til þess að efla og dýpka tungumálið og málþroska.

Listastarfið er í góðum farveg innan leikskólans en með tilkomu verkefnastjóra er tækifæri til þess að efla það enn frekar.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Sameiginlegar söngstundir	Halda reglulegar sameiginl. söngstundi	Finna tíma í dagskipulagi deilda	Verkefnastjóri lista í samstarfi við deildastjóra	Nóv 24	Jan 25	Í lok tímabils	Fagleg viðmið innan fagsins og málþroska viðmið
Listastarf inni á deildum	Efla listastarf	Verkefnastjóri fái fastan tíma inni á hverri deild til þess að taka úr hóp í listastarf	Deildastjórar og verkefnastjóri lista	Nóv 24	mars 25	Í lok tímabils	Fagleg viðmið innan fagsins



13 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmanna samtöl eru á dagskrá í byrjun desember. Einnig er mikil áhersla á að hvetja ófaglært starfsfólk til náms í leikskólakennara fræðum.

14 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börnin fara í grunnskóla heimsókn með sínum kennurum í Hlíðarskóla í samstarfi við grunnskólann. Farið er í þrjár heimsóknir á vorönn. Skólinn skoðaður og prufað að vera inn í bekkjarkennslu, farið á forsýningu skólaleikrits að lokum fara börnin síðan í vorskóla með foreldrum sínum. Einnig er farið í heimsókn í Eldflaugina sem er frístund Hlíðarskóla.

15 Foreldrasamvinna

Þann 26. nóvember verður fyrsti foreldrafundur leikskólaársins og þá munum við leggja línurnar að áframhaldandi og virkara foreldrasamstarfi. Við finnum fyrir þó nokkrum áhuga á þessu starfi og hlökkum til þess að vinna að góðu og innihalds ríku samstarfi við foreldra hópinn.

16 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 23. ágúst
- 27. september
- 11. nóvember
- 6. febrúar
- 28. maí
- 30. maí

Sam band íslenskra sveitarfélaga		Leikskóladagatal 2024 - 2025												Ævintýraborg við Nauthólsveg	
AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JULÍ				
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 F	2 S	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 M	2 F	2 S	2 Þ	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 Þ	3 M	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 S	4 Þ	4 F
5 M	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 Þ	6 F	6 M	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 S	7 M	7 F	7 M	7 Þ	7 F	7 M	7 Þ	7 F	7 M
8 F	8 M	8 Þ	8 F	8 M	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 Þ	8 F	8 M	8 Þ	8 F	8 S
9 M	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 Þ	9 F	9 M	9 Þ	9 F	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S
11 S	11 M	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 Þ	11 F	11 M	11 Þ	11 F	11 M
12 M	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 Þ	13 F	13 M	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 Þ	14 F	14 M	14 Þ	14 F	14 M
15 F	15 M	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 Þ	15 F	15 M	15 Þ	15 F	15 S
16 M	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 Þ	16 F	16 M	16 Þ	16 F	16 S
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S
18 M	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 Þ	18 F	18 M	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S
20 L	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 Þ	20 F	20 M	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 Þ	21 F	21 M	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 Þ	22 F	22 M	22 Þ	22 F	22 S
23 M	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 Þ	23 F	23 M	23 Þ	23 F	23 S
24 L	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S
25 S	25 M	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 Þ	25 F	25 M	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 Þ	26 F	26 M	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 Þ	28 F	28 M	28 Þ	28 F	28 S
29 L	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 Þ	29 F	29 M	29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 F	30 S	30 M	30 F	30 Þ	30 F	30 M	30 Þ	30 F	30 S
31 L	31 Þ	31 F	31 M	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F	31 M	31 Þ	31 F	31 M	31 Þ	31 F	31 S



F. h. leikskólans
Sigrún Eiríksdóttir

Reykjavík, október 2024

Aðstoðarleikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi

17



og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.



- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



